

Stýrihópur undirbýr stofnun framhaldsskóla í Borgarnesi

[Menntamálaráðuneyti](#) hefur ákveðið að skipa stýrihóp til undirbúnings að stofnun framhaldsskóla í Borgarnesi á grundvelli þeirra hugmynda sem undirbúningshópur á vegum sveitarfélaga og háskóla í Borgarfirði hefur markað. Samkvæmt þeim verður stofnað hlutafélag í eigu heimamanna er mun annast um byggingu húsnæðis og rekstur skólans. Fyrsta verkstig í þeim undirbúningi er mótun á nýju námsfyrirkomulagi og skilyrðum fyrir húsnæði framhaldsskóla þar sem farnar eru nýjar leiðir, m.a. í fullorðinsfræðslu. Gert er ráð fyrir að skólinn verði þriggja

ára framhaldsskóli og starfi eftir nýrri námskrá um breytt námsskipulag til stúdentsprófs og er hér um tilraunaverkefni að ræða. Ráðuneytið ber ábyrgð á mótun námsfyrirkomulags og skilyrðum húsnæðis. Stjórn skólans ber ábyrgð á byggingu, stofnun og rekstri skólans og tekur síðan við hlutverki skólanefndar.

Hlutverk stýrihópsins verður að hafa frumkvæði að mótun námsfyrirkomulags, rekstrarfyrirkomulags og húsnæðis og leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila. Stýrihópur ber tillögur sínar undir

menntamálaráðuneyti til samþykktar. Skólanefnd verður skipuð þegar skilyrði eru til slíks og mun stýrihópur þá starfa samhliða skólanefnd þar til verkefnið yfirfærast að fullu til skólanefndar. Stýrihópurinn skipa: Karl Kristjánsson, Jóna Pálsdóttir og Jón Þór Ragnars frá menntamálaráðuneyti, Helga Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar í [Borgarbyggð](#), Ágúst Sigurðsson, rektor [Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri](#) og Runólfur Ágústsson, rektor [Viðskiptaháskólans á Bifröst](#). Formaður hópsins er Karl Kristjánsson.

Könnun á kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði í grunnskólum

Í kjölfar umræðu á opinberum vettvangi um kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði fór Félag kennara í kristnum fræðum þess á leit við [menntamálaráðuneyti](#) á árinu 2004 að kannað yrði hvernig staðið væri að kennslu í greininni í grunnskólum landsins í samræmi við gildandi aðalnámskrá frá 1999. Ráðuneytið ákvað að verða við þessari beiðni með það að markmiði að afla upplýsinga um fyrirkomulag kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði í grunnskólum og hverjir kenna greinina. Upplýsingaöflunin fór fram vorið 2005.

Sendur var spurningalisti á rafrænu formi til allra grunnskóla landsins í apríl 2005 og voru svör að berast þar til í júní. Spurningar miðuðust við skólaárið 2004-2005. Alls svöruðu 124 skólar könnuninni eða um 70% skóla.

Algengast er að skólar verji einni kennslustund á viku til kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði eða um 90% skóla sem svöruðu könnuninni. 12% kennara sem kenna greinina hafa B. Ed. próf og kristin fræði sem valgrein í námi sínu. Flestir kennaranna eru hins vegar grunnskólakennarar með B. Ed. próf og aðra valgrein er kristin fræði eða 33% þeirra sem kenna greinina. Um helmingur svarenda telur ekki vera nægt framboð af endurmenntun fyrir kennara í greininni. Tæp 70% skóla segjast samþætta kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði kennslu í öðrum greinum. Meirihlutinn er ósammála því að auka þurfi vægi kennslu í kristnum fræðum innan

greinarinnar. Tæp 89% eru sammála því að auka þurfi vægi siðfræði í námsgreininni og um 78% eru sammála því að auka vægi trúarbragðafræði í kennslu greinarinnar. Skýrsluna má finna á vef [menntamálaráðuneytis](#).



Samferða vann til verðlauna

Framkvæmdastjórn [Evrópusambandsins](#) (ESB) verðlaunaði þann 5. desember sl. fimm verkefni sem þóttu bera af öllum þeim verkefnum sem hlutu styrk frá Ungu fólki í Evrópu (UFE) árin 2003 til 2005. Verðlaunin, [European Youth Awards](#), voru afhent í Brussel.



Guðmundur Arnar Guðmundsson hampar verðlaunum hópsins Samferða fyrir verkefni gegn fordómum og hræðslu við útlendinga.

Fulltrúar framkvæmdastjórnar ESB tilnefndu 25 verkefni sem þóttu skara fram úr hvað varðar gæði, framkvæmd og innihald og þar á meðal voru tvö íslensk verkefni. Þetta eru verkefni Leifur í loftið sem framkvæmt var af Ný-ung, ungliða-hreyfingu [Sjálfsbjargar](#), og kvikmyndin Þröng sýn sem gerð var af hóp er kallar sig Samferða. Verkefni hópsins Samferða var eitt af þeim fimm verkefnum sem síðan unnu til verðlauna. Verkefni þeirra, Þröng

sýn, er teiknuð stuttmynd sem fjallar um birtingu fordóma í daglegu lífi.

Ungt fólk í Evrópu er styrkjaáætlun Evrópusambandsins. Áætlunin er á ábyrgð [menntamálaráðuneytis](#) en [Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur](#) sér um framkvæmd hennar.

Á tímabilinu 2003-2005 voru um 30 þúsund verkefni styrkt af UFE áætluninni. Þar af voru 261 verkefni styrkt af íslensku landskrifstofunni sem hafði 2.220.887 evrur til úthlutunar á tímabilinu. Nánari upplýsingar má finna á vef [Landskrifstofu ungs fólks í Evrópu](#).

Kostir sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands kannaðir

[Menntamálaráðherra](#) hefur skipað starfshóp til að kanna kosti þess að sameina [Háskóla Íslands](#) og [Kennaraháskóla Íslands](#). Ákvörðun þessi er tekin að höfðu samráði við rektora beggja skóla.

Í starfshópnum eiga sæti Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri [menntamálaráðuneytis](#) sem leiðir starf hans, Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, Börkur Hansen, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, Ólafur Harðarson, forseti félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, Guðmundur Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kennaraháskóla Íslands og Þórður Kristinnsson, framkvæmdastjóri við Háskóla Íslands. Starfshópnum er ætlað að skila niðurstöðu sinni fyrir lok febrúarmánaðar 2006.

